

UST202208-158

# STARFSLEYFI

Vetnisframleiðsla með rafgreiningu

**Orka náttúrunnar ohf.**

**Tæknigörðum við Hellisheiðarvirkjun**

Lögheimili:

Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík

Kt.: 471119-0830

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI

### 1.1. Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir vetnisverksmiðju Orku náttúrunnar ohf. að Tæknigörðum við Hellisheiðarvirkjun. Orka náttúrunnar ohf. er hér eftir nefnd rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum er hægt að sækja um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum. Verði gerð breyting á nafni rekstraraðila ber honum að tilkynna Umhverfisstofnun slíka breytingu.

Rekstraraðili getur falið verktaka með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé framfylgt. Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

### 1.2. Umfang starfseminnar

Rekstraraðila er heimilt að framleiða með rafgreiningu allt að [130 tonn]<sup>1</sup> af vetni á ári.

### 1.3. Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við XIV. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsóknna við eftirlit skal byggt á áhættumati, sbr. 54. gr. laga nr. 7/1998 og 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlit felst í umsjón með lögbundnum skilum, yfirferð og mati á gögnum. Jafnframt felst eftirlit í yfirferð gagna og reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda og fyrirspurna. Eftir hvert eftirlit tekur eftirlitsaðili saman skýrslu. Skýrslan skal vera gerð aðgengileg á vefsíðu Umhverfisstofnunar, á vefsvæði eftirlitsaðila, eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma

<sup>1</sup> Breyting 2022. Umfangið var áður 93.468 kg

að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á sviði starfseminnar er eftirlitsaðila heimilt að beita úrræðum skv. gr. 1.7 og gildandi lögum og reglugerðum.

Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum þar sem reglum er ekki fylgt eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, sbr. 62. gr. laga nr. 7/1998.

#### 1.4. Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 7/1998 og 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. [Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að endurskoða starfsleyfið.]<sup>2</sup>

#### 1.5. Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun) og neyðaráætlun

[Áætlun skal vera til staðar til bregðast við verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt. Annars vegar skal þar fjallað um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætlun skal gera grein fyrir hvernig gengið skuli frá úrgangi, efnaafgöngum, óunnu hráefni, afurðum, húsnæði, tækjum og rekstrarsvæði. Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt skal vera áætlun til staðar til þess að úrgangi, efnun, búnaði, tækjum, rekstrarsvæði, olíugeymum, lögnum og menguðum jarðvegi verði ráðstafað á viðurkenndan hátt. Fjalla skal þar annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Með áætluninni skal gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif [og tryggja að ekki sé skilið eftir á svæðinu hráefni sem tilheyrir rekstrinum.

Rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirlitsaðila með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara eða þegar ákvörðun liggur fyrir. Þá skal tilkynna um það ef reksturinn hefur verið stórlega skertur, þó ekki sé talin þörf á að virkja áætlanirnar. Bilanir og viðhald telst ekki stórlega skertur rekstur. Gera skal Brunavörnum Árnassýslu viðvart um stöðvun starfseminnar og gangsetningu um leið og eftirlitsaðila. Eftirlitsaðila er heimilt að krefja rekstraraðila um að tímasetja áætlun um frágang ef hann telur þörf á.

Hvort sem rekstur stöðvast varanlega eða vegna tilfallandi vinnslustöðvunar skal alltaf lágmarka möguleg mengunaráhrif og skal tryggja að ekki sé skilið eftir hráefni eða kyrrstætt fráveituvatn.

Útbúa skal og vinna eftir neyðaráætlun sem skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun eldisfisksins þann tíma sem eldisstöðin er ekki í rekstri.

Tilkynna skal eftirlitsaðila án tafar um stöðvun rekstar og ráðstafanir þar að lútandi þannig að taka megi út frágang. Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu ef rekstur hefur legið niðri í meira en mánuð.]<sup>3</sup>

---

<sup>2</sup> Breyting 2022. Ákvæði uppfært.

<sup>3</sup> Breyting 2022. Ákvæði uppfært.

## 1.6. Endurskoðun starfsleyfis<sup>4</sup>

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

[Umhverfisstofnun er einnig skylt, eða eftir atvikum heimilt, að endurskoða starfsleyfið, meðal annars í eftirfarandi tilfellum:]

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningarskylt er sbr. gr. 1.4.
- Þegar mengun af völdum stöðvar er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem tilgreind er í starfsleyfi eða láta ný viðmiðunarmörk koma fram í leyfinu.
- Þegar nota þarf aðra tækni vegna rekstraröryggis.
- Þegar nauðsynlegt er að fara að nýjum eða endurskoðuðum umhverfisgæðakröfum í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 550/2018.
- Ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. [Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni (BAT) skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.]
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.
- [Ef mengun af völdum atvinnurekstrarins er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út.]
- [Ef breyting verður á skipulagi.]

Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

[Rekstraraðili skal, sé þess óskað af útgefanda starfsleyfis, leggja fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að endurskoða starfsleyfisskilyrðin.]

## 1.7. Valdsvið, viðurlög og þvingunarúrræði

[Rekstraraðili skal uppfylla skyldur þær er koma fram í 40. gr. laga nr. 7/1998. Ef frávik verða skal rekstraraðili upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það og grípa tafarlaust til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að öllum kröfum vegna starfseminnar sé framfylgt eins fljótt og auðið er.]<sup>5</sup>

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja fram úrbætur.

Stofnuninni er m.a. heimilt að veita áminningu og hæfilegan frest til úrbóta, ákveða rekstraraðila dagsektir og stöðva starfsemi eða takmarka hana til bráðabirgða, sé um alvarlega hættu, alvarleg tilvik eða ítrekað brot að ræða eða ef úrbótum er ekki sinnt innan tiltekins frests.

Umhverfisstofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.

## 1.8. Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi, starfsleyfisumsókn og mengunareftirlit í samræmi við 6. gr. og IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018.

Umhverfisstofnun birtir niðurstöður skv. gr. 1.3 og 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

<sup>4</sup> Breyting 2022. Ákvæði uppfært.

<sup>5</sup> Breyting 2022. Viðbót.

## 1.9. Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

[Rekstraraðili skal þegar í stað grípa til nauðsynlegra varnarráðstafana vegna yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans. Ef umhverfistjón verður skal rekstraraðili þegar í stað hefja aðgerðir til að takmarka tjón eða afstýra frekara tjóni.

Rekstraraðili skal þegar í stað tilkynna Umhverfisstofnun um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans og upplýsa um alla þætti sem máli skipta. Jafnframt skal rekstraraðili setja fram og senda Umhverfisstofnun áætlun um úrbætur vegna umhverfistjóns sem þegar er orðið.]<sup>6</sup>

## 2. STARFSHÆTTIR

### 2.1. Starfshættir og umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal tryggja gæði hráefnis eins og best verður á kosið með markvissum vinnubrögðum sem miða að því að halda mengun lofts og lagar í lágmarki. Með því er átt við að vatnið skuli ekki innihalda þungmálma, brennistein eða önnur efni sem valdið geta loftmengun.

Viðhald á mengunarvarnabúnaði skal vera fyrirbyggjandi.

### 2.2. Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum fyrirtækisins og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur. Tilkynna skal Umhverfisstofnun ef breyting verður á tengilið

### 2.3. Aðstaða til mælinga

Tryggja skal við hönnun mannvirkja að góð aðstaða sé til mælinga og eftirlits með losun samkvæmt starfsleyfi þessu og til að sinna þeim mæliáætlunum sem starfsleyfið kveður á um.

### 2.4. Verkstjórn og takmörkun aðgangs

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Starfsmenn skulu vera þjálfaðir til að bregðast við mengunaróhöppum og hafa viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað sem gerir þá hæfa til vinnu í starfsstöðinni. Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olúbirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hættu á að þessi efni berist út í umhverfið. Tryggja skal kennslu og æfingu í að bregðast við mengunaróhöppum.

Rekstraraðili skal halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu og þar skulu ekki vera hlutir eða efni sem ekki tilheyra starfseminni. [Rekstraraðila skal sýna ýtrustu varúð þannig að jarðvegi verði ekki spillt með mengun, sbr. reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.]<sup>7</sup> Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

<sup>6</sup> Breyting 2022. Viðbót.

<sup>7</sup> Breyting 2022. Viðbót.

Takmarka skal aðgang óviðkomandi að vinnusvæði þannig að almenningi stafi ekki hættu af starfsemi.

## 2.5. Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili skal vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi. Rekstraraðili getur tekið þátt í t.d. ÍST EN ISO 14001, eða í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS) eða öðru kerfi sem uppfyllir eðli málsins samkvæmt kröfur um umhverfisstjórnunarkerfi.

Umhverfisstjórnunarkerfið skal m.a. fjalla um yfirstjórnun og fela í sér umhverfisstefnu sem kveður á um stöðugar umbætur á verkferlum og útbúnaði, greiningu á regluverki um umhverfismál og það skal ná yfir vöktun á losun og umhverfisvöktun. Þá skal umhverfisstjórnunarkerfið fjalla ítarlega um hvernig lágmarka skal lyktarmengun frá starfsemi ef vart verður við slík vandamál.

Rekstraraðili skal starfrækja orkustjórnunarkerfi eða vera með skýrt verklag um orkunotkun innan umhverfisstjórnunarkerfisins.

## 2.6. Viðbrögð og tilkynningar vegna mengunaróhöppa<sup>8</sup>

Verði óhapp eða annað atvik sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað. Eftirlitsaðila er heimilt, ef þörf er á, að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun.

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og önnur atvik sem geta haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við Neyðarlínuna 112.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er (á netfangið [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)). Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hættu er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.

## 2.7. Mælingar

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á losunarmælingar og/eða vöktunarmælingar. Eftirlitsaðili getur t.d. farið fram á mælingar á hreinleika vatns sbr. gr. 2.1 og úttekt á hávaða.

# 3. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

## 3.1. Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu [og tryggja að starfsemi hans sé rekin í samræmi við meginreglur 38. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir]<sup>9</sup>. Ef fram kemur skilgreining á bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir og við að nýta orku vel skal rekstraraðili vinna í samræmi við það.

Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færast á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal halda neikvæðum heildaráhrifum á umhverfið í lágmarki (sambættar mengunarvarnir).

<sup>8</sup> Breyting 2022. Ákvæði uppfært.

<sup>9</sup> Breyting 2022. Viðbót.

Ef fram koma niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni skulu þær taka gildi og innleiddar samkvæmt gr. 1.6.

### 3.2. Lekavarnir

Undir rafspennum skal vera til staðar nægilega stór þró, safnkar eða önnur fullnægjandi lekavörn til að taka við spennaolíu ef leki verður á olíu. Lekabyttur eða olúgildir skulu vera á öðrum stöðum þar sem olía er notuð.

### 3.3. Meðhöndlun lúts

Lekavarnir skulu vera fyrir hendi varðandi lútargeymslur og önnur hættuleg eða varasöm efni, t.d. frostlög, þar sem leki getur orðið. Þegar skipta þarf lútnum eða frostlegi út, skal farga honum hjá viðurkenndri móttökustöð eða finna viðunandi endurnotkunarmöguleika.

### 3.4. Hráefnisgeymslur

Allt hráefni skal geymt við aðstæður sem tryggja að af geyslunni verði ekki mengun og að jafnaði innan dyra.

### 3.5. Úrgangur<sup>10</sup>

Koma skal í veg fyrir myndun úrgangs eins og mögulegt er. Sorpi skal skila á viðurkennda móttökustöð fyrir úrgang. Rekstraraðili skal flokka úrgang og koma honum í endurvinnslu eða endurnotkun. Ef úrgangur verður eftir sem hvorki til endurnotkunar né endurvinnslu skal sá kostur valinn sem skilar bestri heildarniðurstöðu fyrir umhverfið.

Varanleg geymsla, urðun og brennsla hvers konar úrgangs á verksmiðjussvæðinu er óheimil.

Skila skal spilliefnum til viðurkenndrar móttöku sbr. reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni.

### 3.6. [Spilliefni

Skrá skal spilliefni sem myndast í verksmiðjunni í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Þá skal tryggt að starfsmenn hafi þekkingu á geyslu og meðhöndlun spilliefna og mögulegri hættu sem af þeim getur stafað. Skila skal þeim spilliefnum sem verða til við vinnsluna eða starfsemi sem tengist henni til viðurkenndrar spilliefnamóttöku. Ávallt skal gæta þess að ekki safnist upp birgðir af spilliefnum.]<sup>11</sup>

### 3.7. Hávaði

Rekstraraðili skal draga úr hávaða frá verksmiðjunni eins og kostur er og tryggja að hávaði frá starfseminni sé í samræmi við töflu III og önnur ákvæði reglugerðar nr. 724/2008, um hávaða. Hávaði við húsvegg utan vinnusvæðis rekstraraðila skal ekki fara yfir 70 dB(A)LAeq á iðnaðarsvæði og 55 dB(A)LAeq í íbúðabyggð.

### 3.8. Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð.

Leyfisveitandi skal ávallt hafa aðgengileg öll öryggisblöð hreinsiefna (sápur og sóttthreinsiefni) og annarra hættulegra efna sem notuð eru við reksturinn og skulu þau vera á íslensku.

Sé þess kostur skal skipta út efnum eða efnablöndum sem eru talin geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið. Við geyslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er.

---

<sup>10</sup> Breyting 2022. Ákvæði uppfært.

<sup>11</sup> Breyting 2022. Viðbót.

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá mengandi efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, yfirborðsvatn eða grunnvatn.

## 4. INNRA EFTIRLIT OG VÖKTUN

### 4.1. Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Rekstraraðili skal skrá upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- Allan úrgang sem til fellur við framleiðsluna, sbr. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.
- Þjálfun og reynslu starfsfólks sbr. gr. 2.4.
- Staðfestingar frá aðilum sem taka á móti notuðum lút eða frostlegi, sbr. gr. 3.3.
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
- Viðhald og bilanir á mengunarvarnabúnaði.
- Kvartanir.
- Niðurstöður mælinga verði farið fram á þær sbr. gr. 2.8.

### 4.2. Kostnaður

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga ef farið er fram á þær auk vöktunar ef ástæða er til að halda að mengun umhverfis sé yfir mörkum sem gefin eru í starfsleyfi. Umhverfisstofnun getur krafist mælinga ef þörf krefur. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Umhverfisstofnun samþykkir.

### 4.3. Skýrslugjöf

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda eftirlitsaðila, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Umhverfisstofnun getur fallist á annað fyrirkomulag á þessum skilum, óski rekstraraðili þess. Rekstraraðila er heimilt að vísa til skýrslu um umhverfisupplýsingar eða ársskýrslu ef þar er að finna ofangreinda samantekt. Ef farið er fram á mælingar sbr. gr. 2.8 skal þeim skilað þegar þær liggja fyrir.

### 4.4. Umhverfisupplýsingar

Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfisstofnunar upplýsingum um losun mengandi efna frá starfsstöðinni með rafrænum hætti, skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Rekstraraðili ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann skilar til Umhverfisstofnunar.

Heimilt er að skila upplýsingunum sameiginlega auk ársyfirlits sbr. gr. 4.3 Skilafrestur framlengist þó ekki við það.

## 5. FLOKKUN STARFSEMI OG GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í lögum nr. 7/1998 í viðauka I, lið 4.2a. Starfsemin er flokkuð í reglugerð nr. 550/2018 í viðauka I, lið 4.2a. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna frávíka eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

## 6. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi og gildir til 15. desember 2038. Ákvörðun Umhverfisstofnunar um breytingu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis og auðlindamála.

**Reykjavík 15.12. 2022**

**Sigrún Ágústsdóttir**  
forstjóra

**Sverrir Aðalsteinn Jónsson**  
teymisstjóri



## Fylgiskjal

### Greinargerð vegna breytinga á starfsleyfi fyrir vetnisframleiðslu Orku Náttúrunnar ohf. við Hellsheiðarvirkjun.

#### 1. Almennt

Vetnisframleiðsla er starfsleyfisskyld hjá Umhverfisstofnun þar sem hún fellur undir lög nr. 7/1998 í viðauka I, lið 4.2a. Hér er um að ræða samræmda flokkun vegna tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2010/75/ESB um losun í iðnaði (sambættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun).

Að mati Umhverfisstofnunar er ekki ástæða til þess að kalla eftir grunnástandsskýrslu um jarðveg og grunnvatn þar sem mengunarhættan er ekki talin gefa tilefni til þess.

Heimilt er að hefja starfsleyfisskyldan rekstur, skemur en þrjú ár, án starfsleyfis í vissum undantekningartilvikum, sbr. 2. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þessi starfsemi hófst upphaflega sem þróunarverkefni á vegum ON og þar sem lítil umhverfisáhrif voru talin stafa af starfseminni var fallist á að hún félli undir þessa undanþágu. Með því hófst verkefnið án starfsleyfis og gildi sú heimild til 19. janúar 2021 eftir að hún var framlengd þann 24. september 2020. Þar sem rafgreining vatns til vetnisframleiðslu er talin þekkt tækni taldi stofnunin ekki rétt að skilgreina lengri þróunartíma en til 19. janúar 2021 og því þurfti rekstraraðili starfsleyfi til að halda rekstrinum áfram. Þann 7. janúar 2021 gaf Umhverfisstofnun út starfsleyfi fyrir starfseminni er gildi til 31. desember 2022. Gildistíma þess starfsleyfis er hér með breytt til 15. desember 2038.

#### 2. Umsagnir/athugasemdir við breytingatillöguna

Tillaga að breyttu starfsleyfi var auglýst opinberlega á vefsíðu Umhverfisstofnunar á tímabilinu 7. nóvember til og með 5. desember 2022 og gafst á þeim tíma tækifæri til að koma með athugasemdir áður en ákvörðun um breytingu starfsleyfisins yrði tekin. Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, sveitarfélaginu Ölfus og sveitarfélaginu Hveragerði var sérstaklega gert viðvart um fram komna starfsleyfistillögu. Á vefsvæði Ölfuss og Hveragerðis var í kjölfarið vakin athygli á því að tillagan væri í auglýsingu.

Engar athugasemdir eða umsagnir bárust á auglýsingatíma.

#### 3. Breytingar frá auglýstri tillögu

Tillögunni var ekki breytt frá auglýsingu.

#### 4. Upplýsingar varðandi lög um mat á umhverfisáhrifum

Skipulagsstofnun tók ákvörðun um matsskyldu framkvæmdarinnar þann 31. ágúst 2022. Framkvæmdin var tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13.04 í 1. viðauka þágildandi laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Á grundvelli fyrirliggjandi gagna var niðurstaða Skipulagsstofnunar sú að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því yrði framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Bent var á að mannvirki er fylgja fyrirhugaðri framkvæmd eru lítil að umfangi. Þau standa á nútímahrauni en því hafði verið raskað fyrir og því í raun glatað verndargildi sínu. Lítil úrgangur fylgir starfseminni. Súrefni berst til andrúmslofts og lítilræði af vetni þegar stöðin er gangsett. Rekstur

Stöðvarinnar hefur í för með sér óverulegt álag á umhverfið en getur haft í för með sér jákvæð afleidd áhrif ef vetni verður nýtt í stað jarðefnaeldsneytis á farartæki. Starfsemin mun jafnframt hafa í för með sér jákvæð áhrif á orkunýtingu Hellsheiðarvirkjunar þar sem framleiðslan mun fyrst og fremst nýta umframorku þegar eftirspurn eftir raforku er í lágmarki.

Umhverfisstofnun telur að matsferlið hafi verið góður grundvöllur að veitingu starfsleyfis.

## 5. Gildistaka

Starfsleyfið er veitt samkvæmt reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Það öðlast þegar gildi og gildir til 15. desember 2038.